

Bret Weinstein útlægur ger? Menningarhrun?

Árið 2017 féll enn þá einn "útleigðardómur" við æðri menntastofnanir í Bandaríkjunum Norður-Ameríku. Sögusviðið var lítill háskóli í bænum Olympíu í Washington-ríki, "Sígræni háskólinn" (Evergreen College). Þróunarlíffræðingurinn, Bret Weinstein (f. 1969), sem þar hafði kennt í árafjöld og átti heimili sitt á háskólalóðinni, andmælti þeim ákveðnu tilmælum, að allir bleikskinnar skyldu halda sig frá háskólanum tiltekinn dag. Þann dag kenndi hann í almenningsgarði.

Það skipti engum togum, að reiður múgur fimmtíu námsmanna, gerði honum aðför, og krafðist afsagnar hans fyrir kynþáttahatur. Bret gat enga vernd fengið. Gengið var að kröfum múgsins, þ.e. Bret dró sig í hlé. Síðar höfðuðu Bret og eiginkona hans, Heather Heying (f. 1969), einnig kennari við skólann, mál gegn honum. Það samdist um bætur.

Bret sagði í tengslum við málareksturinn: "Þetta snýst ekki um málfrelsi og þetta hefur sáralítið með æðri menntastofnanir að gera (college campuses). Málið snýst um bilun í undirstöðum menningarinnar og hennar gætir víða. Æðri menntastofnanir kunna að vera fyrsti vígvöllurinn, en vitaskuld er gatan til dómsstólanna greidd. Hennar er nú þegar vart í tæknigeiranum [og] mun rata inn í æðstu stjórnun [þjóðarinnar], séu ekki slegnir varnaglar. Og í raun og sann er viðbúið, að [nefnd bilun] verði menningunni skeinuhætt."

Ennfremur segir Bret: "Við höfum plægt akurinn fyrir þykjustusvið [í æðri menntun], sem eru eins konar ígildi menntunarhlunninda (analytical affirmative action), þar sem studdar eru hugmyndir, sem í engu eiga rétt á sér. Þessar hugmyndir eru afar óburðugar og eittraðar. ... Sé [þeim] ekki andmælt ... [og nái þær til] annarra undirstöðustofnana menningarinnar, mun hún hrynja. Því verður að spyrna við fótum."

Með ofangreindum gjörningi og ummælum hefur Bret skipað sér í raðir félaga í hinu "myrka menntamannaandófi" (intellectual dark web), sem berst gegn útleigðarmenningunni (cancel culture), stjórnmalalegum rétttrúnaði og kynja- eða samsömunarstjórnmalum (identity politics). Hugtakið er kennt við stóra bróður Bret, Eric Ross Weinstein (f. 1965), sem er forstjóri og menningarráðgjafi.

Gerð hefur verið röð þriggja fræðsluþátta um þetta uppistand. Hér er sá fyrsti. Þar er m.a. fjallað um kynþáttakúgunarskilning litskinna við skólann.

<https://www.youtube.com/watch?v=FH2WeWgcSMk>.